

Sp.

265. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning lagasetningar um embættisbústaði.

Flm.: Helgi Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason og Sigurður E. Hlíðar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa heildarlagasetningu um embættisbústaði og leggja frumvarp þess efnis sem allra fyrst fyrir Alþingi. Þess sé gætt, að ríkissjóði verði ekki íþyngt í þessu efni fram yfir það, sem almenningsheill krefur, en að öðru leyti sé gerður fyllsti jöfnuður embætta og einstakra embættismanna. Tekin sé afstaða til þess:

1. hverjum embættum og opinberum sýslunum skuli fylgja embættisbústaðir;
2. hverja embættisbústaði skuli reisa að öllu leyti á ríkiskostnað og hverja af öðrum opinberum aðilum;
3. að hve miklu leyti ríkið skuli styrkja aðra opinbera aðila til að koma upp embættisbústöðum;
4. hversu háttáð skuli skyldum hlutaðeigandi embættis- og sýslunarmanna til að búa í embættisbústöðum, sem fyrir hendi eru, og hver leigukjörin skuli vera;
5. hvort og að hve miklu leyti skuli koma til mála, að ríkið aðstoði embættis- og sýslunarmenn, sem eiga ekki vól á opinberum embættisbústöðum, til að koma sér upp einkabústöðum, svo sem með því að gera þeim kost á hagkvæmum lánnum og þá með hverjum skilyrðum.

Greinargerð.

Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði, er skylda hið opinbera eða heimila því að láta tilteknum embættismönnum í té embættisbústaði. Ákvæði þessi hafa verið sett á ýmsum tímum og eru að sumu leyti ekki hliðstæð. Samkvæmt gildandi lögum um skipulag og hýsingu prestssetra, nr. 38 1. maí 1947, skal ríkissjóður greiða allan byggingarkostnað prestssetra, en í lögnum eru hins vegar ákvæði um það, hvernig reikna skuli prestum leigu. Samkvæmt lögum um sjúkrahús o. fl., nr. 30 19. júní 1933, og l. nr. 33 12. febr. 1945, um breytingu á þeim lögum, greiðir ríkissjóður allt að ½ byggingarkostnaðar læknisbústaða, en hlutaðeigandi sveitarfélag hinn hlutann. Á Alþingi 1946 voru síðan sett lög um embættisbústaði héraðsdómara (l. nr. 14 2. apríl 1946), og á síðasta Alþingi var þeim breytt þannig, að þau taka einnig til hæstaréttardómara (l. nr. 96 5. júní 1947). Samkvæmt þessum lögum greiðir ríkissjóður allan byggingarkostnað bústaðanna, en engin ákvæði eru um leigu. Í lögum um fræðslu barna (l. nr. 34 29. apríl 1946) segir enn fremur, að hverju barnaskólahúsi skuli fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti, og heimavistar-skólum skal enn fremur fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara, en ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en ¾ stofnkostnaðar heimavistar-skóla og skólastjórabústaða í heimangönguskólum, en hlutaðeigandi sveitarfélög hinn hlutann. Í lögum um gagnfræðanám (l. nr. 48 7. maí 1946) segir, að í heima-vistarskólum teljist íbúðir skólastjóra og kennara til skólahúsnæðis, og greiðir ríkissjóður allt að ¾ stofnkostnaðar þeirra.

Svo sem af þessu má sjá, er sá hópur embættismanna og opinberra starfsmanna allfjöldmennur, sem hið opinbera hefur nú tekizt á hendur að láta í té húsnæði, þótt ekki séu ákvæðin hliðstæð að öllu leyti, auk þess sem dæmi eru til, að embættismönnum hafi verið séð fyrir húsnæði án lagaheimildar. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, en það hefur þó aldrei verið athugað í heild, og eru gildandi ákvæði ekki byggð á neinni heildarstefnu, er mörkuð hafi verið að yfirlögðu ráði. Áður en lengra kann að verða haldið á þeirri braut, að hið opinbera láti embættismönnum í té húsnæði, virðist því full ástæða til að samræma gildandi ákvæði um þessi efni, en íhuga jafnframt, hver skuli verða heildarstefna ríkisins á þessu sviði framvegis. Miðar tillaga þessi að því, að ríkisstjórnin taki mál þetta til heildarathugunar og undirbúi um það lagasetningu. Telja flutningsmenn tillögunnar, að meginstefna slíkrar lagasetningar eigi að vera sú, að ríkissjóði sé ekki íþyngt í þessu efni fram yfir það, sem almenningsheill krefur, en að öðru leyti sé gerður fyllsti jöfnuður embætta og einstakra embættismanna. Jafnframt sé svo athugað, hvort og að hversu miklu leyti komi til mála að taka að aðstoða þá embættismenn, sem eiga ekki vól opinberra bústaða, til þess að koma sér upp einkabústöðum, t. d. með hagkvæmum lánveitingum og þá með hvaða skilyrðum.